



HUGHEIMAR
RANNSÓKNAFYRIRTÆKI Í FÉLAGSVÍSINDUM

Viðhorf ungmenna til forvarnafræðslu

Jóhanna Rósa Arnardóttir
Félags- og menntunarfræðingur

Breytingar á vímuefnaneyslu íslenskra unglunga: Hvað veldur?
Ráðstefna 28.04 2006 í Rósenborg á Akureyri

Aðferð


- Símakönnun 11.10-1.11 2004
- 1200 manna tilviljunarúrtak
- Þátttakendur fæddir árin 1984-1986
- Hapdrætti
- Svörun 68,5% - nettósvörum 73,3%
- 822 einstaklingar

- Styrkt af Forvarnasjóði, forvarnanefnd Reykjavíkurborgar, Félagsþjónustunni í Reykjavík, Olíufélaginu, Lýðheilsustöð og IcelandExpress


Þátttaka í forvarnafræðslu – reykingar, áfengisdrykkja, fíkniefnaneysla og aðgengi að fíkniefnum

- 93% höfðu fengið formlega fræðslu um skaðsemi reykinga og um 49% sögðust hafa reykt sígarettur eða vindla á síðastliðnum 12 mánuðum.
- Um 69% höfðu fengið formlega fræðslu um skaðsemi áfengis og um 91% sögðust hafa drukkið áfengi á síðastliðnum 12 mánuðum.
- Um 96% höfðu fengið formlega fræðslu um skaðsemi fíkniefna og um 13% sögðust hafa neytt fíkniefna á síðastliðnum 12 mánuðum.
- Um 62% hafði verið boðin fíkniefni. Fleiri körlum en konum en álíka mörgum á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Partý, skemmtistaðir og miðbærinn algengustu staðirnir.


Reykingafræðsla og reykingar




Fíkniefnafræðsla og fíkniefnaneysla þ.e. hass eða marihuana




Forvarnafræðsla lögreglu



Fræðsluaðilar og fíkniefnaneysla



Viðhorf til forvarnafræðslu



Þeir sem eru óánægðari með forvarnafræðsluna

Reykingafræðsla	Áfengisfræðsla	Fíkniefnafræðsla
Búa hjá öðru foreldri, annars staðar	Í skóla, lokið námi	Karlar
Brottfall		Brottfall
Leið ekki vel í grunnskóla	Í áhættuhópi	Ekki auðvelt að tala við foreldra
Treysta ekki vinum		Leituðu ekki til fjölskyldu
Leitaði ekkert hafði engan til að leita til		Í áhættuhópi
Í áhættuhópi	Jóhanna Rósa Arnardóttir - 28.04 2006 - Hugheimar	

Hvað mundir þú gera til að koma í veg fyrir að unglingar reyki, drekki áfengi eða neyti fíkniefna? Hvers konar forvörn er best?

- Almenn fræðsla (202)
- Fræðsla með fólki sem hefur reynslu af því að reykja, drekka áfengi eða neyta fíkniefna (172)
- Jafningjar eða jafningafræðsla (35)
- Samfélagslegir þættir – breyta lögum, verðlagningu, tómstundastarf, fræðsla í skólum (238)
- Foreldrar, systkini, góðar fyrirmyndir (39)
- Að ekkert verði gert (14)

Dæmi

- Almennar réttar upplýsingar – að segja í alvöru frá skaðseminni – meiri fræðslu og vitneskju um þetta allt en ég veit samt ekki frá hverjum hún ætti að koma. Fræðsla um fíkniefni og áfengi má vera minna fanatísk.
- Svona eins og maður fékk sjálfur þetta með fyrrverandi fíkla þá sem eru kannski nær manni í aldri frekar en presta eða kennara. – Fyrrverandi fíkil og fólk sem hefur aldrei drukkið. – Reynslusögur frá fíklum, útskýringar frá læknum á þeim skemmdum sem vera á líkamanum við fíkniefnanotkun.
- Að hætta að flytja inn sígarettur – fækka sígrettum í pakkanum – banna reykingar á kaffihúsum – fækka sölustöðum ... Selja tóbak eingöngu þar sem áfengi er selt, þá gengi þetta mikið betur.
- Hækka áfengiskaupaaldur – Hætta að auglýsa áfengi
- Taka dópsala úr umferð – lögleiða kannabis – auka viðurlög við sölu til unglinga
- Að sýna fólki fram á að það hefur val og það er undir því sjálfu komið.
- Ég persónulega lofaði sjálf kennurum og foreldrum að reykja ekki, það virkað fínt fyrir mig.

Dæmi...

- Nýja myndabandsspólan ... Er rosalega áhrifarík, sýnir fólk í neyslu og neyð þess og hryllilegt líf, það er besta forvörnin og áhrifaríkust að sjá líf fólksins þannig. Mér finnst ekki nærri eins áhrifamikið þegar fyrrverandi fíklar lýsa lífi sínu, og sést ekkert á þeim í dag, fínir og flottir ... Einnig, fyrir þá sem eldri eru, að sýna gott fordæmi, t.d. eldri nemendur, þeir verða að sýna að þetta sé ekkert jákvætt, þannig að yngri krakkar, sem líta upp til þeirra sjái það, svart á hvítu
- ... Ég var í fíkniefnum um tíma ... Þannig að ég held kannski að annað hvort ætli krakkar að gera þetta eða ekki. Ég held að foreldrarnir hafi mest áhrif á þau, þegar upp er staðið
- Að foreldrar tali við börnin sín almennilega og kennarar, og geri það bara strax - Má ekki vera of mikið og strangt sérstaklega ekki frá foreldrum – Margir fara á bak við foreldra sína

Gagnrýni

- ... þá kemur það ekki nógu vel fram í þeirri fræðslu sem er í dag hvaða afleiðingar þetta hefur á fólk
- Eitthvað sem nær til þeirra, fólk á þeirra aldri ... ekki bara segja að þetta sé skaðlegt heldur líka hvernig og af hverju
- Hafa betri fræðslu, hafa bara eins fræðslu og er inn á Voggi
- Að fara í skólana. Fyrirlestrar og forvarnadagar. Frekar að fara í bekkina. Minni hópar, ekki í sal.
- Það ætti að vera skylda að mæta á forvarnafundi í framhaldsskólum
- Sýnt of nákvæmlega hvernig fíkniefnaneysla er
- Kynna þetta betur
- Ótrúverðugt þegar fyrrverandi neytendur sem ekkert sést á segja frá reynslu sinni
- Fræðslan er orðin svo mikil að það er orðið eftirsóknarvert að gera það sem maður má ekki gera

Gagnrýni ...

- Segja ekki bara frá þeim sem hafa hætt í ruglinu
- Kynna hvaða dómar eru fyrir fíkniefnabrot
- Þeir sem reykja ekki eiga að tala um reykingar, ekki bara þeir sem reykja
- Rifja upp fræðsluna
- Fræða foreldra
- Ítarlega kynningu vantar á skaðsemi reykinga og áfengis og leggja áherslu á hvaða afleiðingar neysla getur haft m.a. á útlit
- Ég held að of miklar forvarnir geri verra, annars finnst mér auglýsingar mjög sniðugar og að reyna að finna upp á einhverju skemmtilegu afþreyingarefni
- Það vantar greinilega eitthvað, ég veit ekki hvað það ætti að vera

Það vantar eitthvað?

- Að hvaða marki muna ungmenni hvaða fræðslu þau hafa fengið?
- Að hvaða marki taka þau mark á þeirri fræðslu sem þau fá?
- Að hvaða marki þjálfum við fræðsluaðila?
- Að hvaða marki höfum við nægilega þekkingu til að leggja af stað með forvarnaverkefni?
- Þegar við segjum: *Það eru ekki allir í þessu!* – erum við þá að taka á vandanum?
- Náum við til áhættuhópsins?
- Fræða foreldra fyrr?
- Fyrirlestrar eða umræður / framsetning á efni
- Fræðsla í lífsleikni og hluti af námskrá
- Fá góð forvarnaverkefni brautargengi?